

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

**Starfsleyfisskilyrði fyrir gæsluvelli og opin leiksvæði**

**1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfi gæsluvallar tekur til húsnæðis, lóðar og leiktækja. Starfsleyfi fyrir opið leiksvæði tekur til lóðar/svæðis og leiktækja. Starfsleyfið gildir eftir því sem við á um sambærileg leiksvæði innandyra.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði/ svæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykkt bygginganefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Opnum leiksvæðum og gæsluvöllum skal velja stað þannig að börnum stafi ekki hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.
- 1.4 Ný eða endurgerð leiksvæði skulu tekin út af byggingafulltrúa og faggildum skoðunaraðila.
- 1.5 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.6 Aðgangur skal vera að neysluvatni á gæsluvöllum, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.

**2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Húsnæði á gæsluvöllum skal vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni á gæsluvöllum.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Þar sem við á skal vera aðstaða til bleyjuskipta
- 2.5 Loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á gæsluvöllum. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.6 Á gæsluvöllum skulu börn hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu.
- 2.7 Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.

**3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Á gæsluvöllum skulu húsnæði og lóð vera þriffin daglega eða í samræmi við notkun. Alsherjarhreingerning gerð á öllu húsnæðinu a.m.k. einu sinni á ári.
- 3.2 Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld
- 3.3 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið né á lóðir gæsluvalla.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar á gæsluvöllum, bæði í húsnæði og á lóð.

#### 4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti hvað varðar eftirlit og viðhald á leiktækjum og undirlagi þeirra, einnig á hreinsun á lóðinni/svæðinu. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III í regl. nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
- 4.2 Blöndunartæki við handlaugar barna skulu vera hitastýrð. Vatnshiti við töppunarstað skal ekki fara yfir 38°C á gæsluvöllum. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.
- 4.3 Starfsmaður gæsluvallar skal skrá slys og óhöpp sem verða á gæsluvellinum á þar til gerð eyðublöð. Sjá Öryggisvísi leiksvæða á vefsíðu Umhverfisstofnunar: [www.ust.is](http://www.ust.is)

#### 5. Leikföng og leiktæki

- 5.1 Leiktæki skulu hæfa aldri barna. Leiktæki og undirlag þeirra skulu vera samkvæmt stöðlum ÍST EN 1176 og 1177.
- 5.2 Leikföng skulu vera CE-merkt. Leikföng skulu vera í lagi og þrífni á fullnægjandi hátt samkvæmt hreinlætisáætlun.
- 5.3 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum. Umhverfisstofnunar. Sjá Öryggisvísi leiksvæða á vefsíðunni: [www.ust.is](http://www.ust.is).

#### 6. Lóð

- 6.1 Leiksvæði skal vera vel framræst.
- 6.2 Leiksvæði gæsluvalla skulu afgirt.
- 6.3 Frágangur girðinga og lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hættu af.
- 6.4 Á gæsluvöllum skal vera fullnægjandi lýsing.

#### 7. Umhverfismál

- 7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 7.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 7.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 7.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

#### **Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, og byggingarreglugerð nr. 441/1998, Öryggisvísir leiksvæða.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 85.32.23 Gæsluvöllur